



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málshæiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna – áform varðandi þann þátt frumvarpsins sem snýr að sérstakri/óskiptri sameign. Mál nr. FOR-9 á þingmálaskrá 151. löggjafarþings.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Forsætisráðuneytið/Stýrihópur um heildstæða löggjöf og stjórnsýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir.
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	28. janúar 2021

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Hinn 10. júní 2020 skipaði forsætisráðherra stýrihóp um heildstæða löggjöf og stjórnsýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir. Í stýrihópnum sitja fulltrúar forsætisráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnunar, Skattsins, Skipulagsstofnunar og Þjóðskrár, auk tveggja óháðra sérfræðinga.

Verkefni stýrihópsins er í meginatriðum tvíþætt:

- 1) Fylgja eftir innleiðingu laga nr. 85/2020 um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (aðilar utan Evrópska efnahagssvæðisins, landeignaskrá, ráðstöfun landeigna, aukid gagnsæi o.fl.), sem samþykkt voru á Alþingi þann 29. júní 2020 og tóku gildi 7. júlí 2020.
- 2) Vinna að frekari stefnumótun og setja fram tillögur um aðgerðir í þeim tilgangi að styrkja enn frekar heildstæða löggjöf og stjórnsýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir, bæði að því er varðar hefðbundnar landnytjar og auðlindir sem tengjast eignarhaldi á landi.

Markmiðið er að stuðla að því að nýtingu lands og réttinda sem því tengjast sé hagað í samræmi við landkosti og með hagsmuni samfélagsins og komandi kynslóða að leiðarljósi, að teknu tilliti til mikilvægi lands frá efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu sjónarmiði. Þannig sé m.a. stuðlað að fjölbreyttum og samkeppnishæfum landbúnaði, náttúruvernd, viðhaldi og þróun byggðar og um leið þjóðfélagslega gagnlegri og sjálfbærri landnýtingu.

Stýrihópnum er falið að kanna tiltekin atriði og eitt af þeim úrlausnarefnum sem sett hafa verið í forgang eru vandkvæði sem fylgja því þegar land er í sameign margra eigenda, svo sem varðandi ákvörðunartöku og fyrirsvar. Tilefnið má m.a. rekja til athugasemda sem fram komu við frumvarp það er varð að áður nefndum lögum nr. 85/2020, sjá nánar í kafla 2 hér á eftir. Á vegum stýrihópsins var stofnaður vinnuhópur til þess að greina nánar umrædd vandkvæði og móta tillögur að úrbótum. Þau áform um lagasetningu sem hér eru sett fram má rekja til þeirrar vinnu. Á endurskoðaðri þingmálaskrá (jan. 2021) vegna 151. löggjafarþings er gert ráð fyrir að forsætisráðherra flytji frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (landamerki, óskipt sameign, forkaupsréttur vegna náttúruverndar og menningarminja, o.fl.). Fjallað er um hvert og eitt þessara þriggja atriða, á málefnasviðum nokkurra ráðuneyta, í sérstöku áformaskjali. Hér verður fjallað um óskipta sameign.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Óskipt sameign, einnig nefnd sérstök sameign, felur í sér að tveir eða fleiri eru samtímis eigendur að tiltekinn eign í ákveðnum hlutföllum. Þannig gætu t.d. fjögur systkini hafa erfð jörð foreldra sinna og hvert þeirra eignast 25%. Nánari skilgreining hugtaksins er á þá leið að eignarréttindi

skiptist þá með þeim hætti að hver og einn sameigandi hafi allar þær eignarheimildir, sem um er að ræða, með þeim takmörkunum sem gera verður vegna hagsmuna annarra sameigenda.

Almennar réttarreglur um þetta efni eru að mestu óskráðar meginreglur og ekki um allt skýrar. Í ýmsum lagabálkum er þó að finna ákvæði er lúta að ráðstöfun og hagnýtingu tiltekinna fasteigna og fasteignatengdra hlunninda í óskiptri sameign, sbr. t.d. lög um fjöleignarhús nr. 26/1994, lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og landskiptalög nr. 46/1941. Að því er varðar óskipta sameign að landi eru hins vegar ekki að ráði fyrir hendi almennar skráðar reglur sem greiða fyrir samskiptum og ákvörðunartöku.

Engar hömlur eru á því hversu margir sameigendur geta orðið og þekkt eru dæmi þess að sameigendur að jörð séu yfir hundrað talsins, þar á meðal félög og/eða dánarbú, og að hluti eigenda láti sig sameignina litlu eða engu skipta. Erfitt getur reynst að hafa uppi á öllum sameigendum, halda fundi til að ræða málefni sem tengjast sameigninni og taka bindandi ákvarðanir um ráðstöfun eða hagnýtingu, t.a.m. hvernig haga beri viðhaldi og endurbótum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 27. febrúar 2020, við drög að frumvarpi því er varð að lögum nr. 85/2020 (sjá mál nr. S-34/2020 á samradsgatt.is) er m.a. bent á vandkvæði við framkvæmd friðlýsingar á grundvelli náttúruverndarlaga þegar sameigendur eru margir. Í dæmaskyni er nefnt að torvelt geti verið að hafa uppi á eigendum og jafnframt geti lítill minni hluti eigenda eða einn þeirra, með andstöðu eða aðgerðarleysi, staðið í veg fyrir aðgerðum sem miði því að varðveita verndargildi landsvæða, hvort sem um er að ræða friðlýsingu svæðisins eða leyfi til framkvæmda vegna uppbyggingar innviða sem nauðsynlegir teljist til að tryggja verndargildi svæðisins þegar það hefur verið friðlýst. Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að tekið sé til skoðunar hvort mæla eigi fyrir um það í löggjöf að sameigendum að landi sé skylt að stofna með sér félag um eignarhaldið.

Bændasamtökin skiluðu einnig umsögn um sama mál í samráðsgáttinni, dags. 11. mars 2020. Þar kemur m.a. fram að enn hafi ekki verið sett löggjöf um óskipta sameign á landi. Skapast hafi aðstæður víða um land þar sem jarðir verði í eigu sífellt fleiri aðila eftir því sem nýjar kynslóðir taki við. Of dreift eignarhald geti hamlað ákvörðunartöku varðandi nýtingu jarða.

Í nefndarálini meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar, sem fjallaði um sama frumvarp við meðferð þess á Alþingi, kemur fram að enn hafi ekki verið sett löggjöf um óskipta sameign á landi en mikilvægt að bregðast við vanda sem skapast geti í kringum dreift eignarhald. Í nefndarálinu leggur meiri hlutinn áherslu á mikilvægi þess að sett verði löggjöf um óskipta sameign á landi og beinir því til forsætisráðuneytisins að ráðist verði í slíka endurskoðun sem fyrst.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Lög um fjöleignarhús, nr. 26/1994, á málefnasviði félagsmálaráðuneytis, eru eini heildstæði lagabálkurinn sem geymir réttarreglur um sameign að fasteignum. Þar er m.a. að finna ítarlegar reglur varðandi ákvörðunartöku um fasteignir sem falla undir gildissvið þeirra laga, þýðingu fundarsóknar og umboð hússtjórnar. Að því er varðar fasteignir sem ekki falla undir gildissvið fjöleignarhúsálaga gilda eins og áður segir almennar réttarreglur um óskipta sameign, að mestu óskráðar og ekki að öllu leyti skýrar.

Jarðalög, nr. 81/2004, taka til allra lögbýla og alls lands sem ekki hefur verið skipulagt fyrir aðra starfsemi en landbúnað. Þar er einungis kveðið á um skyldu sameigenda til að velja sér fyrirvarsmann sem hafi umboð til að koma fram fyrir hönd annarra eigenda jarðarinnar við úrlausn mála sem lúta að réttindum og skyldum eigenda, taka ákvarðanir um daglegan rekstur og hagsmunagæslu vegna sameignarinnar, minni háttar viðhald og viðgerðir, svo og bráðnauðsynlegar og brýnar ráðstafanir sem ekki þola bið. Skylt er að tilkynna sýslumanni hver sé fyrirvarsmaður en mikill misbrestur mun hafa verið á að ákvæði þessu sé fylgt. Engin málsmeðferð er ákveðin til að tilnefna fyrirvarsmann ef ekki næst samstaða um val á honum. Þá er stöðumboð fyrirvarsmanns mjög takmarkað og nær e.t.v. ekki mikið lengra en leiðir af almennum heimildum einstakra eigenda að jörð í óskiptri sameign. Þrátt fyrir víðtækt gildissvið jarðalaga er þar ekki að finna önnur ákvæði um meðferð lands í sameign. Ekki er t.d. fjallað um ákvörðunartöku sameigenda, svo sem í hvaða tilfellum samþykki allra eigenda er þörf og hvenær meiri hluti nægir.

Í dómaframkvæmd hefur verið byggt á þeirri óskráðu reglu að samþykki **allra** sameigenda þurfi til óvenjulegra ráðstafana og ráðstafana sem eru meiriháttar þótt venjulegar geti talist. Hið sama gildir

um ákvarðanir er varða breytingu á hagnýtingu, sbr. t.d. *Hrd. 11. febrúar 2016 í máli nr. 305/2015 (Reykjahlíð/Dettifoss)*, *Hrd. 13. mars 2014 í máli nr. 676/2013 (Fossatún)*, *Hrd. 8. október 2015 í máli nr. 83/2015 (Geysissvæðið)*. Aftur á móti verður að telja að **meiri hluti** sameigenda geti tekið venjulegar ákvarðanir um sameignina.

Af dómaframkvæmd má ekki ráða að óskráð réttarregla standi til þess að **aukinn meiri hluti** geti tekið ákvarðanir sem ekki teljast venjulegar en verða þó ekki álitnar meiriháttar eða óvenjulegar. Það atriði er því óvissu háð en á því kann að vera þörf, t.d. í tengslum við friðlýsingar. Kveðið er á um slíkt fyrirkomulag í lögum um fjöleignarhús og um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Ekki er skýrt af dómaframkvæmd hvort meiri hluti þeirra sameigenda sem mæta á löglega boðaðan fund geti tekið ákvörðun um sameignina sem ekki þarfnast samþykkis allra ef þeir sem að ákvörðuninni standa eru ekki meiri hluti allra sameigenda. Þá er ekki skýrt hvaða skilyrði séu fyrir því að fundur teljist löglega boðaður. Af þessu leiðir að óljóst er hvort hluti sameigenda geti með aðgerðarleysi komið í veg fyrir að teknar séu ákvarðanir sem ekki þarfnast samþykkis allra.

Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði um forkaupsrétt sameigenda við sölu á hluta sameignarinnar. Sameigendur geta haft mikla hagsmuni af því að eigendum fjölgi ekki um of og geta haft áhrif á hverjir verði nýir sameigendur að landi. Því standa ýmis rök til þess að sameigendum verði veittur forkaupsréttur við sölu á hluta sameignarinnar.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Ekki hefur verið sett stefna um meðferð sameigenda að landi.

Í gildandi fjármálaáætlun kemur fram það meginmarkmið á málefnasviði nr. 17 – *Umhverfismál* – að miða skuli að því að vernda náttúruna og að nýting náttúruauðlinda sé sjálfbær. Megintilgangur þessa markmiðs er að tryggja sjálfbæra nýtingu mikilvægra svæða m.t.t. náttúruverndar, m.a. með viðeigandi innviðum og landvörslu til að stýra ágangi ferðafólks og viðhalda verndargildi slíkra svæða.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Með fyrirhugaðri löggjöf verður leitast við að lögfesta reglur varðandi sameign á landi, einkum í því skyni að auðvelda ákvörðunartöku sameigenda varðandi landareignina en einnig til þess að skapa úrræði fyrir sameigendur til að koma í veg fyrir að eigendum að landi fjölgi. Slíkar ráðstafanir eru til þess fallnar að tryggja betri nýtingu lands og koma í veg fyrir deilur í tengslum við nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem eðlilegt viðhald.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ef ekkert væri aðhafst yrði ástand mála með sama hætti, þ.e. vandkvæði geti fylgt því þegar land er í sameign og þau geta aukist þegar sameigendum að landi fjölgar.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Önnur úrræði koma ekki til álita.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Það eru einkum þrjár leiðir sem koma til greina:

1. Sett verði ítarlegri ákvæði í jarðalög, nr. 81/2004, um sameign að landi sem fellur undir gildissvið laganna. Þar verði einkum kveðið á um fyrirsvar, ákvörðunartöku og forkaupsrétt sameigenda. Lögfestar verði óskráðar réttarreglur um sérstaka sameign auk ítarlegri reglna sem tækju mið af lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994. Kosturinn við þessa leið er víðtækt gildissvið jarðalaga sem nær til stórs hluta lands utan þéttbýlis. Utan jarðalaga falla hins vegar lóðir, hvort heldur er í þéttbýli eða dreifbýli, svo sem sumarbústaðalóðir.
2. Sett verði heildarlög um sérstaka sameign að landi að fyrirmynd Norðmanna. Slík lög gætu gilt almennt um eignir í sameign sem sérlög taka ekki til en einnig kemur til greina að afmarka gildissvið þeirra við fasteignir sem ekki falla undir lög um fjöleignarhús, nr. 26/1994. Í

lögnum verði m.a. kveðið á um reglur sem varða ákvörðunartöku, slit sameignar og ákvörðun og skráningu eignarhlutfalla.

3. Í þriðja lagi kemur til greina að fjalla um ákvörðunartöku sameigenda í tilteknu sérlögum, svo sem í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, í því markmiði að gera auknum meiri hluta kleift að samþykkja tilteknar tegundir ráðstafana sem annars krefðust samþykki allra. Slíkar reglur má nú t.d. finna í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Áformað er að setja nánari reglur um sameign að landi í jarðalög, nr. 81/2004, sbr. leið 1 í dálki C-3 hér framar. Jarðalög gilda um lögbýli og allt land sem ekki hefur með staðfestu skipulagi verið tekið úr landbúnaðarnotum. Ákvæði í lögnum um meðferð lands í óskiptri sameign myndu því ná til nær allra þeirra fasteigna í dreifbýli sem svo hagar til um.

Þau vandkvæði sem nefnd hafa verið í tengslum við nýtingu og ráðstöfun óskiptrar sameignar eiga einkum við um land sem fellur undir gildissvið jarðalaga. Því er nærtækt að þar verði sett inn nánari ákvæði um meðferð lands í óskiptri sameign. Í kjölfarið yrði lagt mat á hvort þörf sé á frekari reglusetningu um þetta efni, einkum varðandi þau tilvik sem hvorki falla undir gildissvið jarðalaga né laga um fjöleignarhús.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Breytingarnar fela í sér að sett verði í jarðalög, nr. 81/2004, ítarlegri ákvæði er varða óskipta sameign á landi sem fellur undir gildissvið laganna.

1. *Fyrirsvar:* Settar verði skýrari reglur um fyrirsvarsmenn og hlutverk þeirra. Kveðið verði á um að fyrirsvarsmaður skuli kosinn í meirihlutakosningu ellegar tilnefni sýslumaður sem fyrirsvarsmann þann sem stærstan eignarhlut á. Ef tveir eða fleiri eiga jafnan eignarhlut tilnefni sýslumaður einn þeirra sem fyrirsvarsmann. Landeigendafélag geti farið með verkefni fyrirsvarsmanns. Þá verði kveðið á um að sameigendum verði skylt að veita fyrirsvarsmanni upplýsingar um hvert beina skuli tilkynningum sem varða sameignina. Sé þeirri skyldu ekki sinnt geti sameigandi ekki borið það fyrir sig að honum hafi ekki borist fundarboð og sé þar af leiðandi ekki bundinn af ákvörðun fundar. Að auki verði kveðið nánar á um hlutverk fyrirsvarsmanns; hann skuli annast boðun funda sameigenda og stýra þeim og leita eftir afstöðu sameigenda ef taka þarf ákvarðanir um sameignina. Fyrirsvarsmaður hafi sama umboð til töku ákvarðana og samkvæmt gildandi lögum.
2. *Fundur:* Settar verði reglur um boðun funda sameigenda þar sem kveðið verði á um tímafresti og efni fundarboðs. Þá yrði kveðið á um að ¼ sameigenda geti krafist þess að fundur verði haldinn eða boðað hann sjálfir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Enn fremur verði kveðið á um að löglega boðaður fundur geti tekið tilteknar ákvarðanir um sameignina án tillits til fundarsóknar. Jafnframt verði kveðið á um heimild til rafrænna fundarhalda.
3. *Ákvörðunartaka:* Settar verði reglur um ákvörðunartöku um sameignina. Skráð verði meginreglan um að samþykki allra sameigenda þurfi til töku ákvarðana sem fela í sér breytingar á hagnýtingu eða ráðstöfun sem teljast vera óvenjulegar eða meiriháttar þótt venjulegar geti talist. Þá geti einfaldur meiri hluti tekið ákvarðanir um sameignina sem venjulegar teljast. Jafnframt verði kveðið á um að aukinn meiri hluti eða 2/3 sameigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, tekið ákvörðun um breytingu á hagnýtingu sameignar eða ráðstöfun hennar sem ekki telst veruleg. Kveðið verði á um að taka megí ákvarðanir sem ekki þarfnast samþykkis allra á löglega boðuðum fundi sameigenda án tillits til fundarsóknar. Með þessum hætti yrði komið í veg fyrir að með aðgerðarleysi verði komið í veg fyrir að teknar séu slíkar ákvarðanir. Enn fremur verði tekið fram eigganda sé heimilt að gera brýnar ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirvofandi tjón á sameign og sem ekki þola bið, auk ráðstafana sem lögboðnar eru og ekki mega bíða.
4. *Forkaupsréttur:* Kveðið verði á um forkaupsrétt sameigenda við sölu eignarinnar. Forkaupsréttur verði hins vegar ekki virkur við sölu til skyldmenna í beinan legg eða í öðrum

legg til hliðar. Forkaupsrétt eigi fyrst sá sem stærstan eignarhlut á í eigninni. Eigi tveir eða fleiri jafnan eignarhlut hafi þeir jafnan rétt til kaupa.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Áformin lúta að réttarreglum um meðferð sérstakrar/óskiptrar sameignar og snerta því stjórnskipulega eignarréttarvernd, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Fyrirhugað frumvarp felur að stórum hluta í sér lögfestingu gildandi en óskráðra réttarreglna auk annarra reglna sem fela í sér almennar takmarkanir á eignarráðum fasteignareiganda en ekki bótaskylda eignaskerðingu. Fyrirhuguð reglusetning stenst því þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Bændasamtök Íslands, landeigendur, Landssamtök landeigenda og önnur landeigendafélög, Landssamband sumarhúsaeygenda, Landvernd, Minjastofnun, sveitarfélög, sýslumannsembætti, Umhverfisstofnun.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Skörun er við stjórnarmálefni þessara ráðuneyta, sem bæði eiga fulltrúa í stýrihóp þeim sem unnið hefur að undirbúningi þessa máls:

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fer með jarðalög nr. 81/2004.
- Dómsmálaráðuneytið fer með mál er varða eignarrétt og veðrétt.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Málið er unnið af vinnuhópi sem starfar á vegum stýrihóps um heildstæða löggjöf og stjórnsýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir. Vinnuhópurinn hefur fengið á fund til sín fulltrúa Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka landeigenda. Þá hefur fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytis haft samráð við Umhverfisstofnun.

4. Fyrirhugað samráð

Áformaskjal þetta er birt í samráðsgátt stjórnvalda og athygli hagsmunaaðila vakin á málinu. Í framhaldinu verða unnin drög að frumvarpi til laga sem einnig verða kynnt í samráðsgátt.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

Fyrirhuguð lagasetning leiðir ekki til kostnaðar fyrir ríkissjóð eða sveitarfélög. Áhrifin yrðu einkum einkaréttarlegs eðlis en hafa þó samfélagslega þýðingu og gætu leitt til betri nýtingar lands í dreifbýli.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina?

Já.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Ekki er talin þörf á sérstökum aðgerðum eða aðlögunartíma.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Engar sérstakar forsendur þurfa að vera til staðar til að tryggja árangur lagasetningar.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Í samráði vinnuhópsins við Landssamtök landeiganda og Bændasamtök Íslands kom fram að nokkuð er um að leitað sé til þeirra vegna vandkvæða við ákvörðunartöku um óskiptar/sérstakar sameignir. Þess er vænst að fyrirhuguð lagabreyting dragi úr slíkum fyrirspurnum og skapi betri sátt sameigenda hvað varðar ákvörðunartöku um sameignina. Þá stuðli breytingar á ákvæðum um fyrirvar að því að auðveldara verði fyrir sveitarfélög og aðra aðila, svo sem Umhverfisstofnun, að beina erindum að sameigendum og eiga í samskiptum við þá vegna eignarinnar.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Ekki sérstaklega, á þessu stigi. |

I. Annað

| Nei. |

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað. Í vinnslu.
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum. Nei. |